

**Nr. 055 / 13 Orri ÍS 180****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 0923  
Smíðaður: Danmörk 1957, eik  
Stærð: 67,54 brl. 72 bt.  
Mesta lengd: 21,66 m Skráð lengd: 20,20 m  
Breidd: 5,65 m Dýpt: 2,80 m  
Vél: Caterpillar 370 kW, 1984  
Fjöldi skipverja: 4



Orri©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 16. maí 2013 var Orri ÍS 180 á rækjuveiðum í Breiðafirði. Veður:

Báturinn varð vélarvana og björgunarskipið Björg dró hann til hafnar í Rífi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sveigjutengi milli gírs og vélar bilaði. Báturinn fékk í skrúfunu árið áður og taldi viðgerðaraðili að þá hefði eitthvað skemmst.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn til að athuga vel ástand búnaðar eftir að þeir hafa fengið í skrúfu.